

REGLUR

91

3. júní

um takmarkanir á sammerkingum á sauðfé vegna sauðfjárveikivarna.

1. gr.

Markadómsmenn (markaverðir) eða aðrir, sem starfa í umboði sýslunefnda við skrásetningu marka, skulu, hver í sínu umdæmi, kanna rækilega, hvaða sammerkingar við nærliggjandi héruð eða varnarsvæði geti talizt varhugaverðar vegna smit-hættu af sauðfjársjúkdómum. Skulu þeir hafa samstarf sín á milli um það, að koma í veg fyrir slíkar sammerkingar.

2. gr.

Verði ágreiningur um, hvaða fjáreigandi skulu halda sauðfjarmarki og hver eða hverir leggja það niður skulu hlutaðeigandi markadóms- eða markaskráningarmenn leita úrskurðar sauðfjársjúkdómanefndar. Skulu þeir láta fylgja úrskurðarbeiðni upplýsingar um, hvor eða hver fjáreigandi hafi notað markið lengst, eða annað er gefi bendingar um, hver eigi mestan rétt til að halda markinu.

Ber þá sauðfjársjúkdómanefnd að skera úr því, hvort einn eða fleiri af þeim, sem markið hafa notað skuli leggja það niður og hver eða hverjir skuli halda því.

Sauðfjársjúkdómanefnd getur, telji hún ástæðu til, bannað sammerkingar, þótt markadómsmenn hafi ekki leitað úrskurðar hennar.

3. gr.

Nú hefur sauðfjársjúkdómanefnd úrskurðað að fjáreigandi skuli leggja niður fjármark sitt og er honum þá óheimilt að nota markið lengur og bannað er að prenta það í markaskrá undir hans nafni. Breyta skal marki á því fé, sem með markinu er, eða auðkenna á öruggan hátt. Enginn annar á því varnarsvæði má taka markið upp. Sama gildir um brennimörk sem eyrnamörk.

Sé um gamalt mark að ræða, sem fengið er að erfðum, þarf bann við að réttur eigandi marksins noti það, þó eigi gilda lengur en nauðsyn krefur, vegna sýkingarhættu, að dómi sauðfjársjúkdómanefndar.

4. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd getur, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, og með samþykki landbúnaðarráðherra sett fastar reglur, er kveði á um það, milli hvaða héraða eða varnarsvæða sammerkingar séu bannaðar.

5. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum allt að 50000.00 krónum eða fangelsi og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 23 frá 10. marz 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, staðfestast hér með, til að taka gildi nú þegar, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 3. júní 1957.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.